

Skilabréf og tillögur

starfshóps um framtíðarfyrirkomulag á Reykjum og Reykjatorfunni

Með bréfi, dags. 24. júní 2022, skipaði mennta- og barnamálaráðherra starfshóp til að koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag á Reykjum og Reykjatorfunni, eflingu starfsnáms, rannsókna og nýsköpunarstarfs á Reykjum. Í vinnu starfshópsins skal jafnframt skoðað hvernig tryggja megi tengingu námsins við atvinnulífið og ákveðið sjálfstæði gagnvart Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Starfshópurinn er þannig skipaður: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, án tilnefningar og formaður starfshópsins, Vilhjálmur Árnason, skipaður án tilnefningar, Orri Páll Jóhannsson, skipaður án tilnefningar, Bjarki Pjetursson, tilnefndur af matvælaráðuneyti, Axel Sæland, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Áshildur Bragadóttir, tilnefnd af Landbúnaðarháskóla Íslands, Hrönn Guðmundsdóttir, tilnefnd af Landssamtökum skógareigenda, Berglind Ásgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi Skrúðgarðyrkjumeistara, Njörður Sigurðsson, tilnefndur af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Olga Lía Garðarsdóttir, tilnefnd af Fjölbrautaskóla Suðurlands. Guðrún Birna Brynjarsdóttir, varamaður Axels Sæland, starfaði með starfshópnum. Með starfshópnum starfaði Gylfi Arnbjörnsson, verkefnastjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Mælst var til þess að starfshópurinn lyki störfum fyrir 31. desember 2022 með tillögum til ráðherra.

Starfshópurinn hefur fundað nokkuð reglulega í haust og haldið 12 fundi, bæði staðfundi sem og fjarfundi. Hefur hann komið víða við til að afla sér gagna um uppbyggingu starfsnáms í garðyrkju, bæði í Garðyrkjuskólanum að Reykjum sem og skipulag og uppbyggingu slíks náms á hinum Norðurlöndunum og Evrópu. Jafnframt hefur starfshópurinn fengið til sín gesti til að fá nánari innsýn í þarfir þeirra fyrirtækja sem stunda ýmiskonar garðyrkju sem og úr fræðasamfélaginu.

Starfshópurinn var sammála (sjá sérálit Áshildar Bragadóttur í fylgiskjali) um mikilvægi þess að standa vörð um garðyrkjunámið að Reykjum og tryggja því ákveðið sjálfstæði innan ramma Fjölbrautaskóla Suðurlands. Áhersla er lögð á að allt verklegt nám við skólann verði kennt sem staðnám. Jafnframt telur starfshópurinn að tenging námsins við Fjölbrautaskóla Suðurlands opni nýjar leiðir fyrir þá nemendur skólans sem hyggja á frekara nám í garðyrkju og öðrum greinum á háskólastigi. Fyrir þá sem stefna að því að starfa í greininni verður jafnframt tækifæri til þess að dýpka þekkingu sína með frekara námi við FSú í rekstri og stjórnun eða faggreinum með námi á fjórða hæfniprepi, m.a. tengt námi til meistararéttinda. Í dag er gerð krafa um sveinspróf í löggiltum iðngreinum til að geta hafið nám í „meistaraskóla“ þannig að skoða þarf með hvaða hætti einstaklingar sem lokið hafa viðurkenndu starfsmenntanámi á framhaldsskólastigi geti stundað viðbótarnám á fjórða hæfniprepi. Mikilvægt er að þeir sem taki þetta nám fái skilgreind réttindi fyrir þetta nám og leggur starfshópurinn til að mennta- og barnamálaráðuneytið taki þetta til frekari skoðunar með hliðsjón af ámóta þróun gagnvart öðru starfsnámi sem ekki er með löggildingu.

Tillögur starfshópsins eru í nokkrum liðum og lúta bæði að nýjungum í framboði á námsbrautum, frekari tengingu skólans við atvinnulífið og samstarf um þróun og mótun á innihaldi námsbrauta, þróun viðbótarnáms á fjórða hæfniprepi, endurmenntun og námsefnisgerð, húsakost að Reykjum og aðskilnað við Landbúnaðarháskólann.

I. Garðyrkjunámið á þriðja hæfnisprepi.

Garðyrkja hefur verið kennd á Reykjum í Ölfusi síðan 1939. Fyrst sem sjálfstæður skóli en síðan sem hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands. Haustið 2022 varð Garðyrkjuskólinn hluti af Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Náttúra og umhverfi Reykja spilar stórt hlutverk í skólstarfinu og nemendur læra að nýta sér náttúruna á fjölbreyttan hátt.

Námið er kennt bæði í staðarnámi og sem fjarnám. Í staðarnámi sækja nemendur skólann í 2 vetur eða 4 námsannir. Sem fjarnám er kennt á hálfum hraða og tekur því bóklegi hlutinn 4 ár.

Hluti af námi í garðyrkju er verklegt vinnustaðanám sem er 60 vikur á verknámsstað sem viðurkenndur af skólanum. Þar af þurfa nemendur að hafa lokið 12 vikum í verknámi áður en bóknám hefst við skólann.

Námið er á þriðja hæfnisprepi og tekst vera 240 feiningar, 220 eru kenndar við skólann og nemendur þurfa að hafa lokið 20 feiningum áður en nám hefst við skólann.

Í boði eru 6 námsbrautir við skólann,

1. Blómaskreytingar

Nám í blómaskreytingum býr nemendur undir fjölbreytt störf á sviði blómaskreytinga þannig að þeir uppfylli þær hæfnikröfur sem gerðar eru til starfsins. Starfsvettvangur útskrifaðra blómaskreyta er blómaverslanir og blómaheildsölur við sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Blómaskreytar aðstoða við vöruuppsetningu í verslunum og geta starfað sem verslunarstjórar blómaverslana.

2. Garð- og skógarplöntubraut

Nemendur læra um framleiðslu og uppeldi garð- og skógarplantna við íslenskar aðstæður. Auk grunngreina í plöntulífeðlisfræði, jarðvegs- og áburðarfræði læra nemendur um helstu tegundir garð- og skógarplantna í ræktun. Þessu til viðbótar læra nemendur um framleiðslu matjurta og ræktun ávaxtatrjáa.

3. Lífræn ræktun matjurta

Nemendur læra framleiðslu á matjurtum og afurðum þeirra eftir aðferðum lífrænnar ræktunar, bæði í gróðurhúsum og utanhúss. Meðal þess sem nemendur læra eru mismunandi ræktunarstefnur, jarðvegs- og skiptiræktun, býflugnarækt til hunangsframleiðslu, umhverfis- og gæðamál ásamt úrvinnslu afurða.

4. Ylræktarbraut

Nemendur læra um ræktun í gróðurhúsum til framleiðslu á matjurtum, afskornum blómum og pottaplöntum. Einnig er kennd framleiðsla matjurta utanhúss. Til viðbótar við grunngreinar garðyrkjunáms er kennd loftslagsstýring í gróðurhúsum, viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum og gæðamál og umhverfismál tengd faginu.

5. Skógur og náttúra

Námið veitir nemendum undirstöðuþekkingu í störfum sem lúta að skógrækt og umönnun umhverfis. Góður hluti af náminu fer fram í skóginum að Reykjum en auk grunnfaga læra nemendur um gróðursetningu skógarplantna, umhirðu skógar í uppveiti, trjáfellingar og

úrvinnslu skógarafurða. Lögð er áhersla á skógrækt með hliðsjón af skynsamlegri náttúrunýtingu.

6. Skrúðgarðyrkja

Nemendur læra undirstöðuatriði varðandi nýframkvæmdir og umhirðu garða og opinna svæða. Á verksviði skrúðgarðyrkjusveina eru meðal annars hellulagnir, hleðslur, trjáklippingar, útplantanir og umhirða á ræktuðum svæðum, allt frá einkagarðinum yfir í opin svæði á vegum sveitarfélaga og ríkis. Skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein og nemendur eru á samningi hjá viðurkenndum skrúðgarðyrkjumeistara í verknámi sínu. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Endurskoðun námsbrauta og hugmyndir að nýjum brautum

Starfshópurinn fékk kynningu á undirbúningi Garðyrkjuskólans að þeim námsbrautum, sem nú eru kenndar við skólann, en þá voru starfandi við skólann mjög virkar fagnefndir skipaðar fulltrúum fyrirtækja sem starfa í viðkomandi greinum. Lauk vinnu við gerð námsbrautanna þegar árið 2018. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að nám á 3ja hæfnisþrepi væri ekki meira en 240 framhaldsskólalæiningar, svokallaðar feiningar, en síðar var þessi rammi útvíkkaður í allt að 330 feiningar. Eins og áður hefur komið fram, er gerð krafa til þess að nemendur hafi lokið 20 feiningum í framhaldsskóla á 1. og 2. hæfnisþrepi en jafnframt ráðlagt þeim sem hyggja á nám við skólann að taka einnig 25 feiningar í tilteknum fögum til að treysta undirbúning sinn fyrir nám við skólann.

Starfshópurinn leggur til að ráðist verði í endurskoðun á námsbrautum skólans, í nánú samráði við fyrirtæki í viðkomandi greinum. Jafnframt er lagt til að gerð verði krafa um að nemendur ljúki fyrrgreindum 45 feiningum, auk 12 vikna verknámi, áður en þeir hefja bóklegt nám við skólann. Þetta verði gert í samráði við starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina og samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Starfshópurinn telur jafnframt að gildandi ákvæði framhaldsskólalaganna um að sambærilegt undirbúningsnám frá öðrum framhaldsskólum á landinu sé metið sem aðgangsgefandi að garðyrkjunáminu, skapi mikilvægt tækifæri fyrir nemendur um allt land að undirbúa þátttöku í námi við Garðyrkjuskólann.

Með tengingu Garðyrkjuskólans við Fjölbrautaskóla Suðurlands verður greiðari leið fyrir nemendur að taka viðbótarnám til stúdentsprófs þannig að þeir sem stefna að háskólanámi í garðyrkju, eða öðrum greinum, geti lokið formlegu stúdentsprófi við skólann. Við undirbúning að þessu viðbótarnámi verði tekin afstaða til þess hvort gera eigi nemendum sem stefna að háskólanámi að ljúka stúdentsprófi án þess að ljúka verknámshluta námsins, en viðkomandi nemendur útskrifast þá ekki sem garðyrkjufraeðingar í viðkomandi grein.

Enn fremur leggur starfshópurinn til að hugað verði að því að stofna þrjár nýjar námsbrautir við skólann, sem þróaðar verði í samstarfi við fyrirtæki í viðkomandi greinum.

1. Umhverfisbraut – rík áhersla er lögð á menntun um loftslagsmál í skólum og fræðslu til almennings í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sjálfbærnimenntun, umhverfisvitund, samfélagskennd og loftslagsmál eiga ríkt erindi inn í alla skóla og til fræðsluaðila í samræmi við sjálfbærnigrunnþátt aðalnámskráa. Nám og námsleiðir framtíðarinnar mun taka til þeirra áhrifa sem loftslagsmál hafa á samfélagið m.t.t. tækifæra, ógnana, viðbragða og aðlögunar að loftslagsmálum. Gera má ráð fyrir að með slíku námi verði mikil samlegðaráhrif með þeim áföngum sem nú eru kenndir við skólann.

2. Landvarðarnám með áherslu á umhverfis- og náttúruverndarmál – en á undanförunum árum hefur hlutverk landvarða við verndun og endurheimt vistkerfa í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum aukist til muna og ljóst að auka þarf þekkingu og hæfni á sviði endurheimtar vistkerfa og umhirðu lands.
3. Trjáumhirða stórra trjáa (Safe Climbing) – með stækkun skóga og trjáa í þéttbýli og þeirri staðreynd að tré eru orðin mun hærri en áður hefur þekkt hér á landi hefur myndast þörf á því að útfæra nám með ákveðinni sérhæfingu í umhirðu stórra trjáa. Þetta nám getur tengst bæði skrudgarðyrkjubraut og braut skógar og náttúru.

II. Viðbótarnám á fjórða hæfniprepi.

Í samtali við fulltrúa ylræktarfyrtækja í garðyrkjunni kom fram að þörf er á því að fá garðyrkjufraeðinga sem geti tekið að sér aukna ábyrgð sem millistjórnendur eða rekstrarstjórar í starfandi garðyrkjustöðvum eða haft betri undirbúning að því að stofna og reka eigin garðyrkjustöðvar. Starfshópurinn leggur til að með flutningi Garðyrkjuskólans til Fjölbrautaskólans á Suðurlandi verði þróaðar nýjar námsbrautir á fjórða hæfniprepi. Þar verði bæði um að ræða frekara nám í garðyrkjufraeðum, m.a. um stafræn stýrikerfi slíkrar ræktunar, sem og í rekstrar- og mannauðsfræðum í tengslum við iðnmeistaránámið með það að markmiði að til verði starfsheitið Ræktunarstjóri í garðyrkjuframleiðslu. Mikilvægt er að slíkt viðbótarnám verði einnig í boði fyrir nemendur af braut skógar og náttúru, tilvonandi umhverfisbraut og blómaskreytingabraut. Starfshópurinn telur mikilvægt að mennta- og barnamálaráðuneytið taki það til sérstakrar skoðunar hvaða réttindi slíkt nám veiti.

III. Tengsl við atvinnulífið.

Starfshópurinn er sammála um mikilvægi þess að góð og nán tengsl séu á milli Garðyrkjuskólans og atvinnulífsins og að námi í garðyrkju verði áfram byggt upp sem starfsmenntanám. Til að tryggja þessi tengsl og til að koma á reglubundnu samráði verði **ráðgefandi fagnefndir** í viðkomandi greinum aftur skipaðar fulltrúum fyrtækja í greinunum og að þær komi saman a.m.k. einu sinni á önn. Þessar fagnefndir komi jafnframt að útfærslu þeirra tillagna um nýjar námsbrautir, sem starfshópurinn gerði undir lið I. og II. hér að framan.

Starfshópurinn telur mikilvægt að ljúka vinnu við að setja verknámið inn í rafrænu ferilbókina með skilgreiningu á þeim hæfnispáttum sem nemendur eiga að tileinka sér í verknáminu. Mikilvægt er í þeim greinum, þar sem ekki er til iðnmeistaránám (af sex námsbrautum er skrudgarðyrkjan eina löggilta greinin), að skilgreina hæfnikröfur til leiðbeinenda í verknáminu þar sem horft verði til fjölpætttrar reynslu í viðkomandi grein í a.m.k. fimm ár.

Starfshópurinn telur jafnframt mikilvægt að þróað verði áfram raunfærnimat í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og mennta- og barnamálaráðuneytið þannig að fullorðnir einstaklingar, sem starfað hafa í greininni, geti fengið reynslu sína metna til eininga í náminu. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til þeirra sem framkvæma raunfærnimat fyrir garðyrkjugreinar á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1163/2011 um raunfærnimat þar sem fagkennari, garðyrkjufraeðingur á vinnumarkaði ásamt náms- og starfsráðgjafa meti reynsluna til eininga.

IV. Endurmenntun og námsefnisgerð.

Starfshópurinn telur mikilvægt að Garðyrkjuskólinn verði í fararbroddi framboðs af endurmenntunarnámskeiðum fyrir þá sem lokið hafa námi við skólann, m.a. um nýjungar í greininni. Það verði gert í tengslum við samstarf skólans við garðyrkjuskóla í Danmörku, Noregi og Finnlandi og hagaðila innanlands.

Starfshópurinn leggur áherslu á að skólinn vinni að því í samstarfi við kennara skólans að efla námsefnisgerð í garðyrkjufraeðum á íslensku, m.a. með því að leita í þá sjóði sem styrkja námsefnisgerð.

V. Húsakostur að Reykjum

Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að aðstaðan að Reykjum verði þróuð með þeim hætti að garðyrkjunámið geti þrífist og þróast þar áfram. Í því sambandi telur hópurinn mikilvægt að tillögur Verkís um endurbætur á húsakosti verði hrint í framkvæmd eins fljótt og kostur er. Hluti af þeim endurbótum eru frágangur á yfirborði inni í garðskálanum (hellulagnir, hleðslur, gróðurbeð og gróður). Að auki þarf að tryggja fjármagn til endurbóta á lóð skólans umhverfis skólahúsið en mikið rask varð á svæðinu við framkvæmdir á garðskálanum.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að unnin verði framkvæmdaáætlun um endurbætur og uppbyggingu aðstöðunnar að Reykjum.

Jafnframt leggur starfshópurinn til að skólinn hafi eftirfarandi húsnæði fyrir sína starfsemi:

1. **Skálann/aðalbygginguna** . Þar eru kennslustofur (4), mötuneyti, matsalur, anddyri, afgreiðsla/móttaka, núverandi aðstaða blómaskreytinga, snyrtingar, skrifstofur kennara, gróðurskáli, auk ýmissa minni rýma.
2. **Bananahúsið** verði nýtt af skólanum.
3. **Tilraunahúsið** - allt þegar fram líður en núna eru 4 klefar leigðir til LbhÍ. Frá janúar 2022 verður plássið sem Omega Algae er í, nýtt fyrir braut lífrænnar ræktunar og því mikilvægt að það verði losað fljótlega.
4. **Byggt verði fjölnotahús fyrir verklega kennslu í skróðgarðyrkju, skógtækni og öðrum greinum** . Í því húsi mættu vera góðar geymslur og aðstaða til kennslu í blómaskreytingum.
5. **Byggt verði ný nútímanleg gróðurhús fyrir hverja framleiðslubraut með góðri tengingu við fjölnotahúsið** en þar til verði 2-3 af ónýtu gróðurhúsunum nýtt ásamt tengibyggingu á milli þeirra. Gert er ráð fyrir að þessi nýju hús verði um 100 - 200 fm. hvert um sig.
6. Þörf er á góðu geymsluhúsi, en í dag er neðsta gróðurhúsið nýtt sem slíkt auk þess sem ýmislegt geymt utandyra.
7. Gera verður ráð fyrir hóflegu verkstæði svo hægt verði að gera við ýmsan búnað.
8. Ekki er þörf á heimavist á Reykjum því Fjölbrautaskólinn á Suðurlandi er með heimavist á Selfossi með öðrum nemendum skólans fyrir nemendur sem búa utan eðlilegrar akstursfjarlægðar frá Selfossi. Svokölluðu skólastjórahusi verði skilað til Fasteignasýslunnar-Ríkiseigna til ráðstöfunar. Starfshópurinn telur jafnframt mikilvægt að rífa þau hús sem dæmd hafa verið ónýtt og gætu hrunið í næsta jarðskjálfta og finna bráðabirgðahús fyrir þá starfsemi sem þar er í dag.

VI. Aðskilnaður við Landbúnaðarháskólann.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að aðskilnaði Garðyrkjuskólans við Landbúnaðarháskólann verði lokið hið fyrsta og leggur áherslu á þann skilning sinn, að allur búnaður sem nýttur hefur verið til kennslu og ræktunar að Reykjum verði yfirfærður til Fjölbrautaskóla Suðurlands vegna Garðyrkjuskólans. Alþingi hefur fjármagnað uppbyggingu Garðyrkjuskólans síðan árið 1936 og þegar skólinn var færður undir Landbúnaðarháskólann fylgdi allur búnaður með til háskólans. Nú þegar stjórnvöld hafa ákveðið að færa þennan hluta Landbúnaðarháskólans til Fjölbrautaskólans á Suðurlandi á hið sama að gilda, enda um opinbera fjármuni að ræða. Starfshópurinn telur mikilvægt að ráðherrar mennta- og barnamála og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála leysi úr þessum ágreiningi án tafar og með þeim hætti að niðurstaðan komi ekki niður á náminu við Garðyrkjuskólann eða Fjölbrautarskólann á Suðurlandi.

Fylgiskjal:

Sérálit

Áshildur Bragadóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands í starfshópnum, getur ekki stutt við álit hópsins og gerir sérstaklega athugasemd við tillögu starfshópsins um tilfærslu eigna milli Landbúnaðarháskóla Íslands og FSU. Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands hefur yfirumsjón með almennum eignum skólans, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla. Af lögmætisreglu stjórnisýsluréttar leiðir að almennum eignum Landbúnaðarháskólans er ekki gerlegt að ráðstafa frá skólanum af öðrum en háskólaráði nema til þess sé lagaheimild. Brýnt er að möguleg tilfærsla eigna samræmist markmiðum um vandaðan undirbúning áætlana sem varða efnahag opinberra aðila, sbr. 2. tölul. 1. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.